

92. gr.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða upp á námskeið, s.s. endur- og eftirmenntunar-námskeið, einum sér eða í samráði og samvinnu við samtök atvinnulífsins, fyrirtæki, sérskóla og hagsmuna- og áhugahópa. Námið getur farið fram í skólanum, úti í atvinnulífinu eða annars staðar sem henta þykir og með fjarkennslu.

Húsnæði og tækjabúnaður skólanna skulu jafnan vera til reiðu til námskeiðahalds og endurmenntunar samkvæmt reglum sem skólanefnd setur.

Hver skóli hefur frjálsar hendur um ráðstöfun fjárveitinga til þessarar starfsemi innan þess ramma sem kjarasamningar og reglur stjórnvalda marka á hverjum tíma.

Menntamálaráðherra skipar átta manna starfshóp til að fjalla um nám af þessu tagi. Formaður er skipaður án tilnefningar, en hinir samkvæmt tilnefningu frá Samtökum sveitarfélaga, Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands, Bandalagi háskóla-menntaðra ríkisstarfsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Hlutverk starfshópsins er m.a. að afla upplýsinga um endurmenntunarþörf og miðla þeim upplýsingum til þeirra sem málið varðar.

93. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla samanber breytingu með lögum nr. 72/1989 og auk þess er gefin út sérstök reglugerð um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistaráréttindi og sérstök reglugerð um byggingar og búnað skóla.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. mars 1990.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING**um umferð á Ísafirði.**

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að hámarkspungi ökutækja með farmi skuli vera 20 tonn á Kristjánsgötu norðan Hafnarhúss.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 16. febrúar 1990.

Pétur Kr. Hafstein.